

## **Áhrif möskvastærðar á líkanreikninga af staðbundnum óveðrum**

Hálf dán Ágústsson og Haraldur Ólafsson

Háskóli Íslands, Reiknistofa í veðurfræði og Veðurstofa Íslands  
halfdana@hi.is

Óveðrið 1.–2. febrúar 2002 í fjöllóttu landslagi Vestfjarða er hermt með aðstoð lofthjúpslíkans. Óveðrið einkennist af miklum láréttum breytileika í vindhraða og þyngdarbylgjum sem ferðast lóðrétt í lofthjúpnunum og brotna neðan við 500 hPa. Nokkrar tilraunir eru gerðar á áhrifum landslags á vind. Hér er sýnt hvernig aukin lárétt upplausn, þ.e. minni möskvar í reikninetinu, eykur gæði líkanreikninganna. Halli fjallshlíða og breidd dala hafa áhrif á staðbundin óveður en miðlungs breyting á landslagi hefur ekki mikil áhrif á styrk óveðurs.